



Umhverfis- og skipulagsráð

Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um breytingar á Bústaðavegi

Á fundi íbúaráðs Háaleitis og Bústaða þann 23. maí 2023 var lögð fram meðfylgjandi tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis, ásamt greinargerð, um breytingar á Bústaðavegi, sbr. 3. lið fundargerðar ráðsins sama dag.

Tillagan var samþykkt.

Með hliðsjón af samþykkt fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar er tillögunni hér með vísað til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsráðs.

Virðingarfyllt,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnslá
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Hjálagt: Tillaga og greinargerð



TILLAGA

Tillaga íbúaráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis um breytingar á Bústaðavegi

Lagt er til að Íbúaráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykki að beina því til Umhverfis- og skipulagsráðs að öruggum þveranir fyrir óvarða vegfarendur yfir Bústaðaveg verði fjölgað og þær bættar. Því verði til dæmis mætt með því að draga úr magni bílaumferðar og umferðarhraða á Bústaðavegi og að umhverfi götunnar verði gert vistlegra með auknum gróðri og áningarstöðum.

Greinagerð:

Tillagan er byggð á vinsælli hugmynd úr verkefninu Hverfið mitt sem ekki hlaut brautargengi á kjörskrá m.a. vegna stærðar, kostnaðar og/eða tæknilegs flækjustigs. Hægt er að skoða umræddar hugmyndir hér -> <https://hverfidmitt-2020-2021.betireykjavik.is/group/22789>.